



## Nefndarálit Keppnisnefndar Landsþings 2024

### Þingskjal nr. 6

Flytjandi keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

#### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir tillaga um stofnun starfshóps um framkvæmd Íslandsmóta og **annarra móta**

Keppnisnefnd LH leggur til að stjórn sambandsins skipi starfshóp til tveggja ára í átaksverkefni um framkvæmd Íslandsmóta **og annarra móta** í hestaþróttum.

Hópurinn skal vinna tillögu um framkvæmd Íslandsmótanna **og annarra móta** í heild og leggja fram fyrstu drög á formannafundi LH 2025 og endanlega tillögu um Íslandsmótsreglugerð á Landsþingi LH 2026.

Hópurinn skal skipaður sérfræðingum úr mótahaldi, mótshöldurum, dómurum, knöpum.

#### Greinargerð:

Íslandsmót hefur til fjölda ára verið á hrakhólum í mótahaldi á Landsmótsárum og hefur á þeim árum ekki náð þeirri stærð í aðsókn og utanumhaldi sem því ber.

Íslandsmót er vissulega einn af hápunktum mótaársins á Íslandi ár hvert og mikilvægt að finna lausn á málefnum mótsins til lengri tíma með vel undirbúnum og skipulögðum tillögum sem eru tímasettar að leggja fyrir formannafund 2025 til kynningar og svo ársþing LH 2026.

Starfshópnum verður falið að skila handföstum tillögum til þeirra breytinga sem til þarf til þess að tryggja Íslandsmótinu þann farveg sem því er ætlað.

[Keppnisnefnd þingsins mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum](#)



Móttækið 1. sept.

## Þingskjal nr. 7

Flytjandi Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi reglugerð um Íslandsmót.

Reglugerðin orðist svo:

## Reglugerð um Íslandsmót

### 1. Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Á Landsmótsári:

- Íslandsmót í hestaíþróttum fullorðinna er haldið samhliða Landsmóti.
- Íslandsmót í hestaíþróttum barna, unglunga og ungmenna er haldið saman.

Þegar ekki er Landsmótsár:

- Íslandsmót í íþrótt- og gæðingakeppni fullorðinna og ungmenna saman.
- Íslandsmót í íþrótt- og gæðingakeppni barna og unglunga saman.

Umsóknir um að halda Íslandsmót skulu berast skrifstofu LH fyrir 1. október. Keppnisnefnd LH tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar íslandsmót skuli haldið.

Ef engar umsóknir berast hefur stjórn heimild til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta, þegar ekki er Landsmótsár, er ákveðin með tilliti til heimsmeistaramóta.

Íslandsmót skulu ávallt vera Worldranking.

### 2. Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmótum skal keppt í eftirfarandi greinum listaðar hér að neðan.

#### **Meistaraflokkur fullorðinna:**

- Íþróttakeppni:
  - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2. Þjóða skal upp á 4 spretti í P1 og P3.
- Gæðingakeppni:
  - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni.

#### **Ungmennaflokkur:**

- Íþróttakeppni:
  - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2 og fimikeppni.
- Gæðingakeppni:
  - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni

#### **Unglingaflokkur:**

- Íþróttakeppni:



- V1, T1, F2, T4, PP1, P2 og fimikeppni.
- Gæðingakeppni:
  - Unglingaflokkur gæðingakeppni

**Barnaflokkur:**

- Íþróttakeppni:
  - T3, T4, V2 og fimikeppni.
- Gæðingakeppni:
  - Barnaflokkur gæðingakeppni.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Íslandsmeistarar eru eingöngu krýndir í listuðum greinum.

**3. Þátttökuréttur á Íslandsmóti**

Í meistaraflokki fullorðinna gildir eftirfarandi:

- **Á Landsmótsári í íþróttakeppni:**
  - Þátttökurétt í íþróttgreinum öðlast 20 efstu pörin í hverri keppnisgrein utan tölt T1 þar sem þátttökurétt öðlast 30 efstu pörin. Miða skal við stöðulista annan mánudag áður en Landsmót hefst.
  - Ekki er eru riðin B-úrslit nema í T1.
  - Í A-úrslitum skulu vera 6 efstu knapar samkvæmt reglum um íþróttakeppni.
  - Þátttökurétt hafa allir 22 ára og eldri.
- **Þegar ekki er Landsmótsár:**
  - Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast þar sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 15. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Í ungmennaflokki gildir eftirfarandi:

- Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast þar sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 15. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Keppnisárangur er gildur frá löglegum mótum, staðfestur í mótaskýrslu, og skal árangur knapa eða hests miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara, hvort sem það er á landsmótsári eða ekki, þurfa að vera með skráðan árangur í þeim greinum sem gilda til samanlagðra greina og hafa náð lágmarkseinkunn sem Keppnisnefnd LH ákveður í a.m.k. einni grein.

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið.

Engin lágmörk gilda í barna- og unglingsflokki á Íslandsmóti.

**4. Auglýsing Íslandsmóts**

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa fyrir 1. maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda.

Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst.

5 dögum fyrir mót skulu allar skráningar staðfestar

3 dögum áður en mót hefst skal dagskrá og ráslistar vera birtir.



## 5. Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmíðlafulltrúa*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmíðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmíðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra*. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra*. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- *Puli*. Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn* starfa í umboði dómara.

**Yfirdómnefnd er skipuð eftirfarandi aðilum:**

- Yfirdómara eða meðlim dómara starfsliðs, áður tilnefndum af honum,
- Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum,
- Meðlimi framkvæmdanefndar,
- Formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum
- Fulltrúa knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

## 6. Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegunder inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

## 7. Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Þegar ekki er Landsmótsár er skylt að halda B úrslit á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna í hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna, unglunga og ungmenna skal halda B úrslit, ef skráningar eru 20 eða fleiri.

## 8. Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

## 9. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.



## Greinargerð

Markmið tillögunnar er í meginatriðum eftirfarandi:

- Að gera Íslandsmóti hærra undir höfði á Landsmótsárum
- Að gera gæðingakeppni hærra undir höfði þegar ekki er Landsmótsár.

Á Íslandsmóti í sumar sem fram fór hálfum mánuði eftir Landsmót voru nánast engir áhorfendur og mótið fékk almennt litla athygli. Það hefur einnig átt við um öll önnur Íslandsmót sem haldin hafa verið eftir Landsmót.

Tillaga Hmf. Fáks felur í sér að á Landsmótsárum verði Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum haldið samhliða Landsmóti. Undanfarin tvö Landsmót hefur verið keppt í öllum íþróttagreinum sem keppt er í á Íslandsmóti við góðar viðtökur áhorfenda og knapa. Þannig gefst gestum Landsmóts kostur á að sjá besta hestakost landsins í bæði íþrótt- og gæðingakeppni.

Landsmót eru hátíð hestamanna þar sem öllu hefur verið til tjaldað hvað varðar ásýnd svæðanna og þúsundir áhorfenda koma saman til að sjá bestu hesta landsins. Nýtum tækifærið og krýnum Íslandsmeistara á Landsmóti.

Þá eru krýndir íslandsmeistarar í A- og B-flokki gæðinga þegar ekki er Landsmótsár. Gæðingakeppni á undir brattann að sækja þegar ekki eru Landsmót. Með þessari tillögu aukum við áhuga keppenda til að keppa í greininni þegar ekki er Landsmótsár.

## Umsögn keppnisnefndar LH

## Umsögn keppnisnefndar þingsins

Keppnisnefnd mælir með frávísun tillögunnar



Móttækið 1. sept.

## Þingskjal nr. 8

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Íslandsmót, 2.gr.

#### Greinin er:

##### 2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki auk gæðingalist. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglunga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.

Börn keppi í V2, T3, T4, gæðingalist.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, gæðingalist og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

#### Greinin verður:

##### 2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti **ungmenna og** fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki **í fullorðinsflokki**. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði. **Einnig er keppt í gæðingalist**. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki **auk gæðingalist**. **Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.**

**Á Íslandsmóti barna og unglunga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.**

**Börn keppi í V2, T3, T4, gæðingalist.**

**Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, gæðingalist og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.**

**Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.**

Börn keppi í V2, T3, T4 og **gæðingalist**. Einnig skal keppt í Barnaflokki í gæðingakeppni ásamt gæðingatölti.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, **gæðingalist** og skeiðgreinum PP1 og P2. Einnig skal keppt í Unglingaflokki í gæðingakeppni ásamt gæðingatölti.



Á báðum mótum er heimilt að bjóða upp á fleiri greinar sem eru þá sýningargreinar, kjósi mótshaldarar svo. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara

Á báðum mótum er heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.

## **Greinargerð**

Varðandi Íslandsmót fullorðina og ungmenna er bara orðalagsbreyting.

Varðandi Íslandsmót barna og unglunga er búið að bæta við keppnisgreinum.

Síðastliðin tvö ár þ.e.a.s 2023 og 2024 hefur verið keppt í gæðingakeppni í barnaflokki og unglungaflokki ásamt gæðingatölti á Íslandsmóti barna og unglunga sem sýningargrein og hefur það tekist frábærlega í bæði skiptin m.a á Landsmótsári.

Hefur þetta fjölgað þátttakendum og einnig aukið breidd knapa sem hafa tekið þátt í þessum keppnisgreinum. Með þessu erum við að bjóða fleiri knöpum þátt í að ná árangri og taka þátt í einum mikilvægasta viðburði á hverju ári sem eingöngu er ætlaður börnum og unglungum. Með breytingunni væri verið að krýna Íslandsmeistara í gæðingakeppni barna og unglung sem ekki hefur ekki verið gert.

## **Umsögn keppnisnefndar LH**

Keppnisnefnd hefur ekki athugasemdir við tillöguna.

## **Umsögn keppnisnefndar þingsins**

**Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar**



## Þingskjal nr. 9

Flytjandi stjórn Landssambands hestamannafélaga

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

**Tillaga**

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Íslandsmót, 1. og 2. gr.

*a. Breytingartillaga við 1. gr. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu*

Greinin er

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin með hliðsjón af landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglunga hins vegar í sitt hvoru lagi.

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal vera WorldRanking.

Greinin verður

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. **Úthluta skal Íslandsmótum með þriggja ára fyrirvara.** Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október ~~á árinu þremur árum~~ fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember ~~á árinu þremur árum~~ fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin með hliðsjón af landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglunga hins vegar í sitt hvoru lagi.

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal vera WorldRanking.

*b. Breytingartillaga við 2. gr. Keppnisgreinar*

Greinin er

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki auk gæðingalist. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglunga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.

Börn keppt í V2, T3, T4, gæðingalist.

Unglingar keppt í V1, T1, F2, T4, gæðingalist og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.





Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

### Greinin verður

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki **ætt gæðingalist**. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglunga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna.

Börn keppi í V2, T3, T4, **gæðingalist**.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, **gæðingalist** og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

### **Greinargerð:**

Tillagan felur í sér tvíþætta breytingu, að Íslandsmótum verði úthlutað með lengri fyrirvara en nú er gert, eða til þriggja ára og ekki verði krýndir Íslandsmeistarar í gæðingalist á Íslandsmótum.

Úthlutun Íslandsmóta til þriggja ára í senn gefur fjárfélaganna í mótahaldi sem mótshaldarar Íslandsmóta hafa kallað eftir. Bæjarfélög ákveða fjárstyrki til félaganna yfirleitt tvö ár fram í tímann og það léttir mikið undir í umsóknum um stuðning að vita með meiri fyrirvara að mótið verði haldið á viðkomandi svæði.

Gæðingalist er grein sem samþykkt var í reglur LH á Landsþingi 2022 sem fullgild keppnisgrein. Keppt er í greininni í öllum helstu deildarkeppnum sem fram fara yfir vetrarmánuði og er talsvert í sviðsljósinu á þeim tíma.

Á Íslandsmótum skal bjóða upp á Gæðingalist en það hefur sýnt sig að þátttaka í greininni er afar takmörkuð ásamt því að hún er þung í vöfum fyrir mótshaldara að halda á þessum mótum.

Með því að færa Íslandsmót í gæðingalist inn á þann tíma sem innanhússtímabilið er í gangi, greinin mikið notuð og knapar stilltir inn á greinina er henni gert hærra undir höfði en ella og hvetur þar með til meiri þátttöku, meira mótahalds hjá félögum í greininni og þar með meiri þátttöku í henni.

**Keppnisnefnd LH mælir með samþykkt tillögunnar.**

**Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar**



## Þingskjal nr. 10

Flytjandi stjórn Landssambands hestamannaféлага

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannaféлага, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir reglugerð um Íslandsmót í gæðingalist.

Reglugerð um Íslandsmót í gæðingalist orðist svo:

### Reglugerð um Íslandsmót í Gæðingalist

#### 1. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í Gæðingalist skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót í Gæðingalist skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin af stjórn í samráði við mótshaldara og skal mótið haldið fyrir 15. maí ár hvert. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, unglinga og barna sameiginlega.

#### 2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti í gæðingalist skal keppt í einum styrkleikaflokki í hverjum flokki.

Barnaflokkur: Stig 2

Unglingaflokkur: Stig 2

Ungmennaflokkur: Stig 2

Fullorðinsflokkur: Stig 3

Keppni fer fram eftir reglugerð LH um Gæðingalist.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar á mótinu, kjósi mótshaldarar svo. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

#### 3. Þátttökuréttur á Íslandsmóti í Gæðingalist

Meistaraflokkur fullorðins – öllum opinn

Ungmennaflokkur – öllum opinn

Unglingaflokkur – öllum opinn

Barnaflokki – öllum opinn

#### 4. Auglýsing og skráningar

Íslandsmót skal auglýsa fyrir 1. janúar ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu. Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst. 5 dögum áður en mót hefst skulu allar skráningar staðfestar. 3 dögum áður en mót hefst skal birta dagskrá og ráslista.



#### 5. Yfirdómnefnd

Yfirdómnefnd er skipuð 5 einstaklingum (sjá grein 4.1. í reglugerð um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ).

#### 6. Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki sýningar inni á reiðvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

#### 7. Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti í Gæðingalist skulu fimm efstu pör eftir forkeppni ríða til úrslita.

#### 8. Skilyrði sem skal uppfylla

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót hverju sinni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara sem þurfa að uppfylla þau atriði sem eru á listanum áður en skrifað er undir samning um Íslandsmót.

#### 9. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um Gæðingalist og keppendur.

#### Greinargerð

Í tillögunni felst að Íslandsmót í Gæðingalist fari fram á sérstöku móti við aðstæður sem henta greininni, keppendum og mótshöldurum best.

Með því að færa Íslandsmót í gæðingalist inn á þann tíma sem innanhússtímabilið er í gangi, greinin mikið notuð og knapar stilltir inn á greinina er henni gert hærra undir höfði en ella og hvetur þar með til meiri þátttöku, meira mótahalds hjá félögunum í greininni og þar með meiri þátttöku í henni.

**Keppisnefnd LH mælir með samþykkt tillögunnar.**

**Keppisnefnd þingsins mælir með að tillagan sé samþykkt**



## Þingskjal nr. 11

Flytjandi stjórn Landssambands hestamannafélaga

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2022, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands.

Reglugerð um Áhugamannamót Íslands orðist svo:

### Reglugerð um Áhugamannamót Íslands.

#### 1. Ákvörðun um mótsstað og dagsetningu

Mótshaldarar geta sótt um að halda Áhugamannamót Íslands. Umsókn um mótið skal berast til skrifstofu LH. Stjórn LH tekur umsóknir til umfjöllunar og afgreiðslu.

#### 2. Keppnisgreinar

Mótshaldara er frjálst að velja hvaða keppnisgreinar eru á mótinu, hvort sem er í íþróttá- eða gæðingakeppni. Ekki skal keppt í meistaraflokki á Áhugamannamóti Íslands.

#### 3. Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki á WR mótum á síðastliðnum þremur keppnistímabilum (keppnistímabil miðast við almanaksárið).

#### **Greinargerð**

Áhugamannamót Íslands hefur verið haldið í nokkur ár og sl. tvö ár undir nokkuð þröngri reglugerð sem samþykkt var á landsþingi 2022, þar sem einungis hefur verið keppt í einum styrkleikaflokki á mótinu. Mótið verið haldið samhliða öðru móti þar sem aðrir flokkar eru í boði til þess að ná upp nægum þátttakendafjölda og mótið standi undir kostnaði við framkvæmd og hafa mótshaldarar kallað eftir því að geta haft fleiri flokka í boði á mótinu.

Með því að opna reglugerð um Áhugamannamót Íslands gefst mótshöldurum tækifæri á því að halda mótið undir nafni Áhugamannamóts Íslands og á þann hátt að gera viðburðinum eins hátt undir höfði og kostur er hverju sinni á sama tíma og reglugerð mótsins er eins lítið íþyngjandi og kostur er.

#### **Umsögn keppnisnefndar LH**

Keppnisnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt.

Umsögn keppnisnefndar þingsins mælir ekki með með samþykkt tillögunnar



Móttækið 1. sept.

## Pingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2022, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands, 3. gr.

#### Greinin er:

##### 3. Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 5 árum.

#### Greinin verður:

##### 3. Þátttökuréttur

~~Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 5 árum.~~

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 2 árum, gildir fyrir íþróttakeppni.

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í gæðingakeppni á síðastliðnum 2 árum, gildir fyrir gæðingakeppni.

Árangur í íþróttakeppni hefur ekki áhrif á gæðingakeppnina og árangur í gæðingakeppni hefur ekki áhrif á íþróttakeppnina.

##### Undanþága

Einstaklingar mega hafa 2 tilraunir í meistaraflokk í íþróttakeppni og 2 tilraunir í meistaraflokk í gæðingakeppni.

Það keppnispar (knapi og hestur) sem prófar meistaraflokk eru ekki gjaldgeng á Áhugamannamót Íslands. En knapi má mæta með aðra hesta uppfylli hann áður nefnd skilyrði. Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki á WR mótum á síðastliðnum þremur keppnistímabilum (keppnistímabil miðast við almanaksárið).

### Greinargerð

Með þessu er verið að gefa knöpum tækifæri á að spreyta sig í sterkari keppnisgreinum með sinn besta keppnishest án þess að hamla viðkomandi knapa sem klárlega á heima í þessum styrkleikaflokki.

### Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir athugasemd við ákvæði í 2. mgr. þar sem kveðið er á um meistaraflokk í gæðingakeppni. Í reglum um gæðingakeppni er engin flokkaskipting í fullorðinsflokki.

Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunar með breytingum



Mótttekið 27. sept.

## Pingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Áhugamannamót Íslands, 2. gr. mgr. 1.

### Greinin er:

#### 2. Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í einum styrkleikaflokki (opinn 1. flokkur).

### Greinin verður:

#### 2. Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í 1. og 2. og 3. flokki einum styrkleikaflokki (~~opinn 1. flokkur~~).

### Greinargerð:

Áhugamannamótið hefur fest sér sess í keppnum sumarsins á meðal áhugamanna. Mikil óánægja ríkti með þá breytingu að 2. flokkur hafi verið tekinn út af mótinu. Stærstu keppnisflokkar okkar eru 1. og 2. flokkur og eru margir sem ekki hafa tækifæri að keppa í deildarkeppnum vetrarins og einblína á þetta mót yfir sumartímann. Sérstaklega þar sem ekki er vettvangur fyrir þessa flokka að keppa á Íslandsmeistaramóti nema keppa þá í meistaraflokki sem ekki er á allra færi og hvað þá keppenda í 2. flokki.

**Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum**



## Þingskjal nr. 14

Flytjandi Hestamannafélagið Snæfellingur

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### **Tillaga**

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir eftirfarandi reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót, 5. gr. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót, mgr. 7.

### Málsgreinin er:

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

### Málsgreinin verður:

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki gæðinga í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á landsmóti.

Í ungmenna- unglinga og barnaflokki ákvarðist fjöldi þátttakanda, sem fá þátttökurétt á Landsmóti í gegnum stöðulista, við þann fjölda sem skráður hefur verið og fengið hafa keppnisrétt á Landsmótum í gegnum úrtökur hjá sínum félögum. Öll sæti sem félögin nýta ekki teljast því til stöðulista. Heildarfjöldi þátttakanda í flokkunum þremur getur að hámarki orðið sá fjöldi sem yrði ef öll aðildarfélög sendu þann fulltrúafjölda sem þau hafa heimild til.

Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga þátttökurétt.”

### **Greinargerð**

Í þeirri þörf sem hestamenn eiga á nýliðun er afleitt að ungir knapar sem áhuga hafa á að keppa á landsmóti fái ekki að keppa á meðan sum félög nýta ekki sinn rétt til þátttöku. Þessi breyting yrði því hvetjandi fyrir unga knapa að stefna að því að komast á Landsmót. Þetta fyrirkomulag myndi fjölga ungum keppendum á Landsmóti. Þar sem á landsmótum er notast við sérstaka forkeppni er ekki um mikla lengingu á dagskrá Landsmótanna að ræða. Í sérstakri forkeppni eru dæmd um 30 keppendur á klukkustund.

### **Umsögn keppnisnefnda LH**

Keppnisnefnd er ekki einhuga í afstöðu sinni og telur rök með og á móti góð og gild, en bendir sérstaklega á að því að opna stöðulista gæti fylgt ákveðið flækjustig í framkvæmd. Núverandi fyrirkomulag stöðulista, tryggir langflestum keppendum sem erindi hafa, þátttökurétt á Landsmóti. Hætt er við að enn frekar muni halla á litlu félögin ef stöðulistar eru opnaðir. Reglur sem opna aðgengi fleiri ungra iðkenda keppi eru af hinu góða.

**Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar**



## Þingskjal nr. 16

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Mótahald á Íslandi, Íslenskar sérreglur um keppni, gr. 5.5 Innanhússmót.

#### Greinin er:

##### 5.5 Innanhússmót

Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á mótsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng.

Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa.

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í tölta á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hvers keppnisárs þarf vallarstærð að vera að lágmarki 19 m. á breidd og 50 m. á lengd.

Innanhúsmót munu ekki vera lögleg til að vera á stöðulistum FEIF.

#### Greinin verður:

##### 5.5 Innanhússmót

Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hverju keppnisári þarf mótið að fara fram á velli sem er að lágmarki 19 m á breidd og 50 m á lengd í hringvallagreinum og að lágmarki 18 m á breidd og 40 m á lengd í gæðingalist.

Allar löglegar hringvallagreinar í íþróttakeppni, framkvæmdar samkvæmt gildandi reglum greinanna, teljast til löglegra innanhússgreina að uppfylltum skilyrðum og gilda því á stöðulista ársins innanhúss. Ekki er heimilt að keppa í flugskeiði í gegnum höll í ~~yngriflokkum~~ **Barna- og unglingsflokkum**

~~Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á mótsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng.~~

~~Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa.~~

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í ~~tölta~~ **íþróttagreinum** á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

~~Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hvers keppnisárs þarf vallarstærð að vera að lágmarki 19 m. á breidd og 50 m. á lengd.~~

~~Innanhúsmót munu ekki vera lögleg til að vera á stöðulistum FEIF.~~

### Greinargerð:

Tillagan er lögð fram til að uppfæra eldri reglur um innanhússmót. Verið er að skerpa á skilyrðum sem lögleg innanhússmót þurfa að uppfylla og gera innanhússmótin samanburðarhæf. Þannig verður hægt að





útbúa sérstakan stöðulista árangurs innanhúss. Fram að þessu hafa hinar ýmsu greinar íþróttakeppni verið framkvæmdar á mismunandi hátt á innanhússmótum en oft á tíðum verið skráðar sem löglegar keppnisgreinar í Sportfeng.

Einnig er lagt til að ekki verði heimilt að keppa í flugskeiði í gegnum höll í yngri flokkum. Mikil slyshætta fylgir því að leggja í gegnum höll og aðstæður í og við reiðhallir eru víðast óviðunandi. Sly og næstum því slys hafa ítrekað orðið í tengslum við athæfið og ósanngjörn pressa lögð á keppendur í yngri flokkum með því að bjóða upp á greinina sem hluti af innanhússmótaröðum.

## **Umsögn keppnisnefndar LH:**

Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

**Keppnisnefnd þingsins mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum**

## Þingskjal nr. 19

Flytjandi Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### **Tillaga**

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni, grein 3.2.

### Greinin er:

#### *3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa*

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til reglugerðar um almennar reglur um keppni um allan útbúnað knapa og hests. Í gæðingakeppni er þískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokkum og C-flokkum gæðinga.

### Greinin verður:

#### *3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa*

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til reglugerðar um almennar reglur um keppni um allan útbúnað knapa og hests.

~~Í gæðingakeppni er þískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokkum og C-flokkum gæðinga.~~

### **Greinargerð**

Í kynbótasýningum og íþróttakeppni er leyfður þískur en aftur á móti ekki í eldri flokkum gæðingakeppni. Áður fyrr þótti ekki hægt að meta vilja ef knapi væri með þísk. Samt sem áður er nú samstarfsvilji eitt af mikilvægum þáttum í kynbótadómum þó riðið sé með þísk.

Eðlilegt og einfaldast er að sömu reglur varðandi búnað knapa og hesta gildi um allar keppnisgreinar og sýningar.

Með aukinni fræðslu og reiðkennslu eykst þekking knapa á þjálfun hesta.



---

Dómarar og dómarafélögin ættu að vera fullfær um að meta góða reiðmennsku, banna grófa reiðmennsku og misnotkun á búnaði í öllum greinum sem keppt er í frekar en að banna búnaðinn í einstökum hlutum keppnisgreina.

Það næst með skýrum hætti með notkun spjalda sem aðvörun og/eða afleiðingu. Einnig þarf að lesa upp ástæðu spjalds á sýningu/ móti svo skilaboðin séu skýr og allir læri af, knapi, áhorfenur og aðstandendur.

**Keppnisnefnd LH** gerir ekki athugasemd við tillöguna.

**Keppnisnefnd þingsins mælir með að tillagan verði felld**



Móttækið 1. sept.

## Pingskjal nr. 20

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni, grein 7.2.

#### Greinin er:

##### *7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum*

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

#### Greinin verður:

##### *7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum*

~~Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.~~

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

### **Greinargerð**

Verið er að taka út fyrstu setninguna í greininni.

Viljum opna gæðingkeppnina eins og gert hefur verið í íþróttakeppninni þar sem keppa má á sama hesti í mörgum greinum. Hjálpar þetta þeim sem eiga kannski einn góðan keppnishest en bæði barn og fullorðin geti tekið þátt á sama móti. Fjöldi skipta sem má byrja keppni á hverjum degi verndar það að hestur sé ekki misnotaður.

### **Umsögn keppnisnefndar LH**

Keppnisnefnd leggst gegn því að þessi tillaga verði samþykkt.



**Umsögn keppnisnefndar þingsins:**

**Keppnisnefnd mælir með að tillagan verði felld**

Móttækið 1. sept.

## Þingskjal nr. 21

Flytjandi Gæðingadómarafélag Landssambands hestamannafélaga

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

**Tillaga**

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni, grein 7.4.4.

Greinin er:

*7.4.4 Ungmennaflokkur – A-flokkur*

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 1.4.3. Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið.

Ekki skal keppa í ungmennaflokki A-flokki á landsmótum.

Greinin verður:

*7.4.4 Ungmennaflokkur – A-flokkur*

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 1.4.3. Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið.

Ekki skal keppa í ungmennaflokki A-flokki á landsmótum.

**Keppendum í barna og unglingsflokki er heimil þátttaka í þessum flokki.**

**Greinargerð**

Eins og reglan er í dag er unglingum og börnum heimil þátttaka í A-flokki en ekki í A-flokki ungmenna á hefðbundnum mótum, meginmarkmið með breytingu er til þess fallið að m.a. að fylgja FEIF/LH reglum í þessu tilfalli þar sem að ekki er í boði að keppa í flokknum fyrir börn og unglinga að þau hafi þá kost á að spreyta sig í næsta flokki fyrir ofan sína aldurshópa.

**Umsögn keppnisnefndar:** Keppnisnefnd var ekki einróma í afstöðu sinni til tillögunnar og skilar ekki álit. **Keppnisnefnd þingsins mælir með samþykkt tillögunnar**



## Þingskjal nr. 22

Flytjandi Stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni og reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.

*a. Eftirtaldar greinar sem fjalla um Landsmót eru færðar úr reglum um gæðingakeppni yfir í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót:*

*a.1 Gr. 3.1, 4.mgr. í reglum um gæðingakeppni verður 11. mgr. 5. gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki þátttökurétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskyldu að hross sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi, hafa þó rétt til þeirrar þátttöku.

*a.2 Gr. 4.2, 4.mgr. í reglum um gæðingakeppni verður 3. mgr. 4. gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

*a.3 Setning 2 í 1. Mgr. Gr. 5.2.3 í reglum um gæðingakeppni verður 4. mgr. 4. gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Ekki skal keppt í C flokki á Landsmótum .

*a.4 Setning 2 í 1. Mgr. Gr. 5.2.4 í reglum um gæðingakeppni verður 5. mgr. 4. gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Ekki skal keppt í C1 á Landsmótum.

*a.5 Setning 3 í 2. Mgr. gr. 7.2 í reglum um gæðingakeppni verður 4. mgr. 5. gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Keppandi skal tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands -, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum úrtökunnar. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

*a.6 4. Mgr. gr. 7.2 í reglum um gæðingakeppni verður 6. Mgr. 5. Gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*

Forfallist skráður hestur keppanda á lands -, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

*a.7 4. Mgr. gr. 8.1 í reglum um gæðingakeppni verður 5. Mgr. 5. Gr. í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót.*



Hestamannafélögin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða. Komi varahestur inn, eftir að rásröð er birt, skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir.

## **Greinargerð a-liður:**

Um a-lið: Málsgreinar sem fara úr gæðingakeppnisreglum yfir í landsmótsreglugerð.

Lagt fram til að laga til í regluverki um gæðingakeppni og landsmót og fjórðungsmót. Í núgildandi reglum eru allnokkur ákvæði um landmót í reglum um gæðingakeppni og því er verið að færa allar reglur um landsmót á einn stað.

## **Keppnisnefnd þingsins mælir með samþykkt tillögunnar liður a**

### *b. Breytingartillaga við gr. 3.4 í reglum um gæðingakeppni*

#### *3.4 Hrekkir og fleira*

Hestar, sem sýna hrekki, fælni, kergju eða aðra viðlíka ókosti, skal vísa úr keppni.

~~Hlaupi hestur út af ógirtri keppnisbraut með alla fjóra fætur eða stígi með fót yfir snúru eða grindverk sem afmarkar braut.~~

Fari hestur út af vellinum eftir að vera kominn inn á völlinn, áður en keppni er lokið, skal honum vísað frá keppni, nema að augljós utanaðkomandi atvik valdi. Hestur telst hafa farið út af vellinum þegar allir fjórir fætur eru farnir út af vellinum.

Falli keppandi af baki í keppni, fellur parið úr leik í viðkomandi grein.

## **Greinargerð b-liður:**

Um b-lið: Verið er að samræma reglu um hvenær hestur telst hafa farið úr braut við gildandi reglur um íþróttakeppni, allir fjórir fætur þurfa að fara út fyrir braut til að sýning teljist ógild.

## **Liður b: samþykkt**

### *c. Breytingartillaga við gr. 4.1 í reglum um gæðingakeppni, um framkvæmd keppni, 6. málsgrein falli brott*

~~Á lands- og fjórðungsmótum skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests.~~

## **Greinargerð c-liður:**

Um c-lið: Setningin á ekki við í nútímanum. Á landsmótum er risaskjár, upplýsingatækni hefur fleygt fram og ýmislegt hægt að sjá fleira en röð keppenda eftir einkunum á snjallforritum, jafnvel á meðan á keppni standur.

## **C-liður Samþykkt**



d. Breytingartillaga við grein 6.1 í reglum um gæðingakeppni

6.1 Þátttökuréttur í úrslitakeppni

Á félagsmótum skulu þeir hestar, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð hestanna í úrslitakeppni.

Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir hestar og verðlaun eiga að hljóta. ~~Á landsmótum hafa Mótshaldarar hafa~~ heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum.

Efstu fimm til sjö **átta** keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A úrslit. Sé þátttaka nægileg getur mótshaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. eða 8.-15. sæti) sem nefnd eru B úrslit. Efsti hestur í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppninni þátttökurétt. Ákveði knapi efsta hests í B-úrslitum að taka ekki þátt í A-úrslitum getur enginn annar komið í hans stað.

~~Í A-úrslitum keppi hestar í 1. til 7. sæti í forkeppni en í B-úrslitum hestar sem náð hafa 8. til 15. sæti í forkeppni. Efsti hestur í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Á fjórðungs- og stórmótum hafa 8 hestar þátttökurétt í öllum flokkum.~~

~~Á öðrum mótum eiga 5 eða 3 hestar þátttökurétt. Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppninni þátttökurétt.~~

~~Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum.~~

~~Á öðrum hestamótum en lands- fjórðungs- og stórmótum, má viðhafa svona form á úrslitakeppni, ákveði viðkomandi framkvæmdanefnd svo.~~

**Greinagerð d-liður:**

Um d-lið: Verið er að uppfæra greinin til samræmis við það hvernig úrslit fara almennt fram í raun. Einnig er verið að samræma orðalag við reglur um úrslit um íþróttakeppni.

Breyting er í samræmi við íþróttareglur að knapi/hestur sem vinnur b-úrslit og þiggur ekki sæti í a-úrslitum á sitt sæti, þe. Að enginn annar tekur hans sæti í a-úrslitum.

**Keppnisnefnd samþykkir með breytingu**

e. Breytingartillaga við gr. 6.2 í reglum um gæðingakeppni – orðalagsbreyting

6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.



Stjórnandi skal gæta þess að þegar skipt er um hönd á brokki í unglingsflokk, A- og B-flokk ungmenna og A- og B-flokk fullorðinna skal gefa einnar mínútu hvíld. Þegar skipt er um hönd á yfirferðargangi skal gefa tveggja mínútna hvíld.

Í A- og B-flokk og ungmennaflokk er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Í unglingsflokk er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og áseta.

Í barnaflokk er gefin einkunn á milli gangtegunda ásamt einkunn fyrir stjórnun og ásetu, hvort fyrir sig, fyrir hvern keppanda.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinilega merkingu á báðum hliðum, t.d. á stígvélum eða upphandlegg.

### **Greinargerð e-liður:**

Um e-lið: Orðalagsbreyting, verið er að skýra orðalag um framkvæmd einkunnagjafar í yngri flokkum.

Keppnisnefnd mælir með samþykkt með breytingu

#### *f. Breytingartillaga við gr. 6.2.5 í reglum um gæðingakeppni – 2. málsgrein falli brott.*

Íslensk sérregla: Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annari keppni svo sem um Íslandsmeistararitil eða innanfélagstitil skal nota sömu aðferð, þ.e. dómara sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni.

### **Greinargerð f-liður:**

Um f-lið: Lagt er til að greinin verði felld brott. Gr. Í2.6 er orðrétt eins og þessi, óþarfi er að hafa sömu reglu á tveimur stöðum.

Keppnisnefnd mælir með samþykkt f-liður

#### *g. Breytingartillaga við gr. 6.3 í reglum um gæðingakeppni – greinin falli brott.*

### **6.3 Keppnisröð á stórmótum**

Í gæðingakeppni og keppni í yngri aldursflokkum á lands - og fjórðungsmótum, er keppnisröð hesta ákveðin með útdrætti, sem framkvæmdanefnd annast. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.

### **Greinargerð g-liður:**

Um g-lið: Lagt er til að greinin verði felld brott þar sem kveðið er á um rásröð í almennum keppnisreglum.

g-liður: keppnisnefnd mælir með samþykkt





*h. Breytingartillaga við gr. 7.1 í reglum um gæðingakeppni – setningin falli brott.*

Ekki er keppt í pollaflokki á Landsmóti.

**Greinargerð h-liður:**

Um h-lið: Allar reglur um keppni í pollaflokki voru felldar úr reglunum fyrir allmörgum árum, því er ekki ástæða til að tala sérstaklega um pollaflokk á landsmótum.

**H-liður: keppnisnefnd mælir með samþykkt**

*i. Breytingartillaga við gr. 7.2 í reglum um gæðingakeppni, 3. mgr.*

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í. **Á öllum gæðingamótum keppir knapi fyrir sitt félag óháð félagsaðild hesteiganda.**

**Greinargerð i-liður:**

Um i-lið: Verið er að samræma greinina við framkvæmd opinna móta í raun. Knapi í yngri flokkum getur keppt á hesti í eigu annarra en eigin félagsmanna á öllum mótum, það er eðli opinna móta.

**Liður i: Keppnisnefnd samþykkir tillöguna með breytingu**

*j. Breytingartillaga við gr. 7.3 í reglum um gæðingakeppni - orðalagsbreyting*

7.3 Einkunnir í yngri flokkum

Einkunnagjöf skal hagað þannig að gefin er sér einkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn. ~~Þá skal gefa sérstaka einkunn í lokin fyrir stjórnun og ásetu í barna- og unglingaflokkum.~~

Í barnaflokki er gefin einkunn fyrir stjórnun og ásetu fyrir hverja gangtegund. Í unglingaflokki er gefin einkunn **í lokin** fyrir stjórnun og ásetu og hefur hún sama vægi og ein gangtegund .

**Greinargerð j-liður:**

Um j-lið: Orðalagsbreyting. Verið er að skýra framkvæmd einkunnagjafa í yngri flokkum.

**J-liður: Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu**

*k. Breytingartillaga við gr. 7.4.4 í reglum um gæðingakeppni – setningin breytist*

~~Ekki skal~~ **heimilt er að** keppa í ungmennaflokki A-flokki á landsmótum **sem sýningargrein.**

**Greinargerð k-liður:**



Um k-lið: Lagt er til að bann við að keppa í A-flokki ungmenna á landsmótum verði afnumið og lagt í hendur mótshaldara hverju sinni að ákveða hvort boðið skuli upp á flokkinn á Landsmótum.

**Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu**

*l. Breytingartillaga við gr. 8 í reglum um gæðingakeppni – Ný fyrirsögn*

Fyrirsögnin er: Reglur LH um gæðingakeppni á Lands- og fjórðungsmótum

Fyrirsögnin verður: **Reglur LH um sérstaka forkeppni.**

Mgr. 1 orðist svo: **Sérstök** forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að **allt að þrjú til fimm** hestar eru í dómi á hringvellinum í einu.

**Greinargerð l-liður:**

Um l-lið: Breytt fyrirsögn, ákvæði um landsmót tekið úr reglum um gæðingakeppni. Greinin fjallar um keppnisútfærsluna „sérstaka forkeppni“ sem heimilt er að bjóða upp á á fleiri mótum en Landmóti og fjórðungsmóti.

**L-liður: Samþykkt með breytingum**

*m. Breytingartillaga við gr. 4 í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót*

4. Keppnisgreinar Landsmóta og fjórðungsmóta

Við bætist ný setning: **Ekki skal keppt í gæðingatölti á Landsmótum.**

**Greinargerð m-liður:**

Um m-lið: Lengi hefur verið tiltekið sérstaklega að ekki skuli keppa léttari greinum gæðingakeppni svo sem í c-flokki gæðinga á landsmótum og gæðingatölti er bætt við þá upptalningu.

**M-liður: samþykkt**

**Greingargerð allir liðir:**

Lagt fram til að laga til í regluverki um gæðingakeppni og landsmót og fjórðungsmót. Í núgildandi reglum er allnokkur ákvæði um landmót í reglum um gæðingakeppni og því er verið að færa allar reglur um landsmót á einn stað.

Um a-lið: Málsgreinar sem fara úr gæðingakeppnisreglum yfir í landsmótsreglugerð.



Um b-lið: Verið er að samræma reglu um hvenær hestur telst hafa farið úr braut við gildandi reglur um íþróttakeppni, allir fjórir fætur þurfa að fara út fyrir braut til að sýning teljist ógild.

Um c-lið: Setningin á ekki við í nútímanum.

Um d-lið: Verið er að uppfæra greinin til samræmis við það hvernig úrslit fara almennt fram í raun. Einnig er verið að samræma orðalag við reglur um úrslit um íþróttakeppni.

Um e-lið: Orðalagsbreyting, verið er að skýra orðalag um framkvæmd einkunnagjafar í yngri flokkum.

Um f-lið: Lagt er til að greinin verði felld brott. Gr. Í2.6 er orðrétt eins og þessi, óþarfi er að hafa sömu reglu á tveimur stöðum.

Um g-lið: Lagt er til að greinin verði felld brott þar sem kveðið er á um rásröð í almennum keppnisreglum.

Um h-lið: Allar reglur um keppni í pollaflokki voru felldar úr reglunum fyrir allmörgum árum, því er ekki ástæða til að tala sérstaklega um pollaflokk á landsmótum.

Um i-lið: Verið er að samræma greinina við framkvæmd opinna móta í raun. Knapi í yngri flokkum getur keppt á hesti í eigu annarra en eigin félagsmanna á opnum mótum, það er eðli opinna móta.

Um j-lið: Orðalagsbreyting. Verið er að skýra framkvæmd einkunnagjafa í yngri flokkum.

Um k-lið: Lagt er til að bann við að keppa í A-flokki ungmenna á landsmótum verði afnumið og lagt í hendur mótshaldara hverju sinni að ákveða hvort boðið skuli upp á flokkinn á Landsmótum.

Um l-lið: Breytt fyrirsögn, ákvæði um landsmót tekið úr reglum um gæðingakeppni. Greinin fjallar um keppnisútfærsluna „sérstaka forkeppni“ sem heimilt er að bjóða upp á á fleiri mótum en Landmóti og fjórðungsmóti.

Um m-lið: Lengi hefur verið tiltekið sérstaklega að ekki skuli keppa léttari greinum gæðingakeppni svo sem í c-flokki gæðinga á landsmótum og gæðingatolti er bætt við þá upptalningu.

## **Umsögn keppnisnefndar LH**

Keppnisnefnd LH mælir með samþykkt tillögunnar.



## Þingskjal nr. 25

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir tillögu til þingsályktunar um að borin verði upp á næsta ársþingi FEIF tillaga um breytingu á gr. Í1.7, mgr. 4, í reglum um íþróttakeppni.

*Málgreinin er:*

#### *Í1.7 Dregið til baka úr keppni*

Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til skráningar keppnisbanna og aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

*Málgreinin verður:*

Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti ~~einni klukkustund~~ **2 klst.** áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. **Undantekning frá þessari reglu er að ef um er að ræða hest og knapa sem koma upp úr öðrum úrslitum (t.d. B-úrslitum) þá er nóg að það sé að minnsta kosti 1 klst. áður en A-úrslit hefjast.** Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis, sem skoðar hestinn á keppnisstað, á veikindum eða helti hestsins eða knapa þegar við á. Að öðrum kosti strikast allur árangur knapans út af mótinu og hann dæmist í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

### Greinargerð

Það kom upp atvik á mótum í sumar þar sem að knapi afskráði klst fyrir úrslit. Haft var samband við næsta knapa sem öðlaðist því rétt á að ríða úrslitin. Það var ógerlegt fyrir knapann að ná að mæta á svæðið á þessum tímaramma. Það er skiljanlegt að þessi tímarammi virki á mótum erlendis þar sem að svo margir koma langt að og eru á svæðinu. Á Íslandi eru knapar að keyra fram og til baka frá mótstöðum þar sem að algengt er að það sé um 60 mín akstur á staðinn. Lagt er til að það verði gerði auka sér íslensk regla varðandi þetta.

### Umsögn keppnisnefndar LH

Nefndin leggur til að tillaga verði lögð fram á FEIF þingi um að afskráningarfrestur verði 2 klst. í stað 1 klst.

**Keppnisnefnd þingsins samþykkt með breytingu**



## Pingskjal nr. 31

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að keppnisnefnd taki til endurskoðunar notkun spjalda í keppni.

### **Greinargerð:**

Er í dag þá er óljóst hvernig spjalda notkun er notuð og afleiðingar að fá spjald. Hvað merkir að fá rautt spjald og gult spjald. Í dag fá knapar t.d. rauð spjöld fyrir að gera ógildar sýningar og gul spjöld fyrir grófa reiðmennsku. Við teljum að skýrari línur þurfa að vera á spjöldum og eins afleiðingar þeirra. Í öðrum íþróttagreinum er spjaldanotkun öðruvísi háttað og gefur spjaldanotkun eins og hún er í dag í hestaíþróttum misvísandi skilaboð þar sem vægi spjalda er ólíkt.

**Keppnisnefnd samþykkir**

## Pingskjal nr. 39

Flytjandi Faghópur LH um Gæðingalist

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingalist.

*a. Breytingartillaga við gr. GL1.1, mgr. 1.*

### Málgreinin er:

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt þar sem öll þjálfunarstig eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.

### Málgreinin verður:

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt, **með tónlist**, þar sem öll þjálfunarstig eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.

**Greinargerð:** Tónlistin er mikilvægur hluti af sýningu í gæðingalist og hefur áhrif á flæði og útfærslu sýningar í greininni. Verið er að bæta inn tónlist í lýsingu sem var þar áður og datt út úr henni fyrir mistök. Þetta gildir um inngang að gæðingalist á öllum stigum, gr. 1.1, 2.1 og 3.1.

**Samþykkt a-liður**

*b. Breytingartillaga við gr. GL1.4*

### Greinin er:

GL1.4 Hlutfall atriða



- æfingar gilda 40%
- gangtegundir og fegurð í reið gilda 40%
- flæði, útfærsla og reiðmennska gilda 20%

Greinin verður:

GL1.4 Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir og fegurð í reið gilda 40%
- flæði, útfærsla, reiðmennska og fegurð í reið gilda 20%

**Greinagerð:** Fegurð í reið færist frá gangtegundum og yfir á flæðiseinkunn og fellur þar inn. Með því er verið að leggja áherslu á vægi gangtegunda í Gæðingalist og á sama tíma að einfalda dómurum vinnu með því að fækka gefnum tölum. [ath. heiti atriða breytist allsstaðar í reglugerðinni]

Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar

c. Breytingartillaga við gr. GL1.8.2

Greinin er:

GL1.8.2 Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 48 klukkustundum fyrir keppni og ef við á með frjálstri æfingu. Á 1. stigi er knapa heimilt að sækja um að sýna æfingu sem tilheyrir efri stigum gæðingalistar sem frjáls æfing.

Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst. Í æfingalistanum merkir knapi við þau atriði sem hann ætlar að sýna.

Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Knapi sýnir að lágmarki þrjár æfingar og þar af er opinn sniðgangur skylda.

Allar hliðargangsæfingar, baugar og riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki þrjár.

Knapi hlýtur einkunn fyrir tvær hæst dæmdu æfingar sínar ásamt skylduæfingunni.

Knapi þarf að sýna þær æfingar sem merkt er við. Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið.

Æfing á að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn.

Hliðargangsæfingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Á 1. stigi má knapi sýna æfingar sínar hvar sem er á reiðvellingum en þó þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Allar æfingar hafa vægið 1 fyrir utan fáeinar undantekningar sem sýndar eru hér fyrir neðan.

Greinin verður:

## GL1.8.2 Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 48 klukkustundum fyrir keppni og ef við á með frjálsri æfingu. Á 1. stigi er knapa heimilt að sækja um að sýna æfingu sem tilheyrir efri stigum gæðingalistar sem frjáls æfing.

Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst. Í æfingalistanum merkir knapi við þau atriði sem hann ætlar að sýna.

Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Knapi sýnir að lágmarki þrjár æfingar og þar af er opinn sniðgangur skylda.

Allar hliðargangsæfingar, baugar og riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki þrjár.

Knapi hlýtur einkunn fyrir tvær hæst dæmdu æfingar sínar ásamt skylduæfingunni.

Knapi þarf að sýna þær æfingar sem merkt er við. Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið.

Einkunn fyrir æfingar þarf að vera € 5 eða hærri til að vægisstuðlar á æfingum hafi áhrif á einkunn.

Heildareinkunn æfinga getur ekki farið yfir 10,0.

Æfing á að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn.

Hliðargangsæfingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Á 1. stigi má knapi sýna æfingar sínar hvar sem er á reiðvellingum en þó þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Allar æfingar hafa vægið 1 fyrir utan fáeinar undantekningar sem sýndar eru hér fyrir neðan.

**Greinagerð:** Tillagan snýst um að vægisstuðlar á æfingum sem hafa meira en 1 í vægi fara ekki að hafa áhrif fyrr en æfingin nær lágmarkseinkunn yfir 6,0 og að heildareinkunn æfingar geti aldrei farið yfir einkunina 10,0. Knapi þarf því að sýna "dýra æfingu" býsna vel til þess að hún fari að telja með auknu vægi. Varðandi það að æfing geti ekki farið yfir 10,0 í heildareinkunn, æfing með vægi 1,2 myndi annars gefa 12 í einkunn ef hún er fullkomlega útfærð á skala sem þó nær einungis til 10.

**C-liður samþykkt með breytingu***d. Breytingartillaga við gr. GL1.8.3, GL 2.8.3 og GL 3.8.3*

Setningin: Gangtegundina fet skal sýna þrjátíu metra hið minnsta."

Verður: Gangtegundina fet skal sýna ~~þrjátíu~~ tuttugu metra hið minnsta.

**Greinagerð:** Verið er að stytta lágmarksvegalengd fetsýningar úr 30m í 20m í ljósi aukinnar áherslu á fjölbreytni í gangtegundasýningum varðandi flæði og fegurð í reið (sjá einnig e-lið).

**d-liður samþykkt***e. Breytingartillaga við gr. GL1.8.4*

Greinin er:

## GL1.8.4 Flæði, útfærsla og reiðmennska

Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði. Reiðmennskan geisli af léttleika, leikni og tillitsemi og samspil knapa og hests sé frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir áreynslulaust af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10.

Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

Greinin verður:GL1.8.4 Flæði, **útfærsla**, reiðmennska og **fegurð í reið**

Dómsatriðið flæði, **útfærsla**, reiðmennska og **fegurð í reið** byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði. Reiðmennskan geisli af léttleika, leikni og tillitsemi og samspil knapa og hests sé frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir áreynslulaust af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10.

Sýna þarf allar gangtegundir til að einkunn fyrir flæði, reiðmennsku og fegurð í reið fari yfir 7,5. Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

**Greinagerð:** Til þess að sýning geti fengið einkunn yfir 7,5 fyrir flæði, reiðmennsku og fegurð í reið þarf knapi að sýna allar gangtegundir. Fjölhæfni og fjölbreytni í sýningum hefur áhrif á flæðiseinkunn og til þess að hljóta hæstu einkunnir fyrir flæði, reiðmennsku og fegurð í reið þarf keppandi að hafa sýnt allar gangtegundir.

**e-liður samþykkt með breytingu**f. Breytingartillaga við GL3.8.3, mgr. 3Málgreinin er:

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta; hægt tölt, milliferðartölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun. Til að hægt sé að hljóta 7 eða hærra í einkunn þarf knapi að sýna bæði hægt tölt og greitt tölt, hægt tölt þarf að vera sem nemur 2/3 af langhlið. Til hæstu einkunnar fyrir gangtegundina tölt er mikilvægt að knapi sýni dómara, án alls vafa, vel framkvæmt hægt tölt. Gangskiptingin fet – hægt tölt getur virkað til hækkunar sé hún vel framkvæmd.

Málgreinin verður:

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta; hægt tölt, milliferðartölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun. Til að hægt sé að hljóta 7 eða hærra í einkunn þarf knapi að sýna bæði hægt tölt og greitt tölt, hægt tölt þarf að vera sem nemur 2/3 af langhlið. Til hæstu einkunnar fyrir gangtegundina tölt er mikilvægt að knapi





sýni dómara, án alls vafa, vel framkvæmt hægt tölt. Gangskiptingin fet – hægt tölt getur virkað til hækkunar sé hún vel framkvæmd.

Til að hljóta fullnaðareinkunn fyrir greitt tölt þarf að sýna greitt tölt frá miðju skammhliðar til miðju skammhliðar.

**Greinagerð:** Hér er verið að skýra lágmarksvegalengd sýnda á greiðu tölti til þess að hljóta fullnaðareinkunn fyrir atriðið. Sýna skal greitt tölt, ekki einungis á langhlið heldur gegnum beygju og út úr skammhlið og inn á skammhlið vallarins.

**F-liður: Samþykkt**

g. *Breytingartillaga við GL1.5, GL2.5 og GL3.5 um vægi æfinga*

Eftirfarandi málsgrein bætist við greinar GL1.5, GL2.5 og GL3.5 Vægi æfinga:

Faghópur LH um Gæðingalist hefur heimild til þess að endurskoða og gera breytingar á vægi einstakra æfinga og skal birta þær breytingar sem kunna að verða fyrir 1. desember ár hvert.

**Greinagerð:**

Faghópur um Gæðingalist er hópur fagfólks í greininni sem hefur það hlutverk að fara yfir vægi æfinga og atriða í Gæðingalist, móta og forma tillögur um útfærslu greinarinnar og sjá um menntun dómara í gæðingalist.

Vægi einstakra æfinga er metið í heild og með því að veita faghópnum heimild til þess að endurskoða, meta og gera nauðsynlegar breytingar er verið að einfalda og spara tíma ársþings LH og sleppa við að þurfa að bera upp einstaka vægisbreytingar sem tillögur á þingi.

Greinin er í þróun og þar með vægi einstakra þátta hennar um leið.

**g.liður: Samþykkt**